

Dogru og Kervanci gegn Frakklandi

Dómar frá 4. desember 2008

Mál nr. 27058/05 og 31645/04

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

2. gr. 1. viðauka. Réttur til menntunar

Réttur til að nota höfuðklúta. Agaviðurlög í skóla.

1. Málsatvik

Kærendur, Belgín Dogru og Esma-Nur Kervanci, eru franskir ríkisborgarar, fæddar 1987 og 1986 og búsettir í Flers í Frakklandi. Þegar atvik málsins áttu sér stað var Dogru ellefu ára og Kervanci tólf ára. Þær eru báðar múslimar. Í fjölda tilvika í janúar 1999 höfðu þær neitað að fjarlægja höfuðklúta sína í íþróttatímum þrátt fyrir fjölda tilmæla um það. Var sú skýring gefin að það samræmdest ekki iðkun íþrótta að ganga með slíka klúta. Í febrúar 1999 ákvað aganefnd skólans að vísa þeim úr skólanum fyrir að taka ekki með virkum hætti þátt í íþróttatímum. Var þessi ákvörðun staðfest af viðeigandi stjórnvöldum menntamála. Var ákvörðunin rökstudd með vísan til þess að bannið við að ganga með höfuðklúta í leikfímistímum var byggt á reglum skólans sem fjölluðu um öryggi, heilbrigði og iðni.

Hinn 5. október 1999 hafnaði stjórnsludómstóllinn í Caen kröfu foreldra stúlkanna um að ógilda ákvörðunina um höfuðklútabannið. Stjórnsludómstóllinn taldi að með því að mæta í íþróttatíma í klæðnaði sem gerði þeim ófært að taka með virkum hætti þátt í þeim hefðu kærendur ekki sinnt þeirri skyldu sinni að mæta í tímana. Ennfremur taldi stjórnsludómstóllinn að viðhorf þeirra hefði skapað streitu innan skólans og á grundvelli allra annarra viðeigandi áhrifaþátta hefði ákvörðun um að vísa þeim úr skólanum verið réttlætanagerleg, óháð tillögu þeirra í lok janúar um að ganga með hatta í stað höfuðklúta. Áfrýjunarstjórnsludómstóllinn í Nantes staðfesti þessa niðurstöðu og taldi að kærendur hefðu gengið lengra en þeim væri heimilt við að iðka trú sína á skólavettvangi. Æðsti stjórnsludómstóll landsins taldi skilyrði til áfrýjunar ekki vera fyrir hendi. Eftir brottvísun kærenda hafa þær áfram haldið námi við skólann utanskóla.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kærenda laut að því að trúfrelsi þeirri samkvæmt 9. gr. og réttur þeirra til menntunar samkvæmt 2. gr. 1. viðauka hefði verið brotinn.

Niðurstaða

Um 9. gr.: Dómstóllinn tók fram að markmið þeirra takmarkana sem gerðar voru á trúfrelsi kærenda var í samræmi við aðskilnað ríkis og trúarbragða í skólum. Á grundvelli niðurstöðu æðsta stjórnsludómstóls Frakka og dreifibréfa ráðuneytis sem dreift var í tengslum við þetta álitaefni taldi dómstóllinn að það að bera ákveðin trúarleg merki væri ekki í eðli sínu í andstöðu við aðskilnað trúarbragða og skóla en varð það við þær aðstæður sem voru uppi í málinu og þeirra afleiðinga sem hlaut af því. Í tengslum við þetta tók dómstóllinn fram að í eldri dómum sínum hefði verið lögð áhersla á að aðildarríkin tryggðu í anda fjölræðis og frelsis annarra að iðkun nemenda á trú sinni í skólum hefði ekki útskúfunarblæ á sér eða væri uppspretta þvingunar og útilokunar. Dómstóllinn taldi að tekið hefði verið á þessu álitaefni með útfærslu franskra yfirvalda á aðskilnaðnum. Í máli kærenda taldi dómstóllinn að sú niðurstaða franskra yfirvalda að notkun höfuðklúts samræmdest ekki iðkun leikfimi af heilbrigðis- og öryggisástæðum væri ekki ómálefnaleg. Dómstóllinn féllst á að þau viðurlög sem kærendur voru beittir voru afleiðing af neitun þeirra um að fylgja þeim reglum sem giltu í skólanum. Þær reglur sem á reyndi hefðu verið nægjanlega kynntar þeim. Ennfremur höfðu reglurnar sem slíkar ekki tengst trúarlegri sannfæringu þeirra eins og kærendur höfðu haldið fram. Dómstóllinn tók einnig fram að í málsmeðferðinni hefði verið tekið viðeigandi tillit til þeirra hagsmuna sem á reyndi í málinu, svo og að hagsmuna kærenda hefði verið gætt.

Dómstóllinn taldi sig ekki vera í aðstöðu til að endurmeta ákvörðun aganefndar um val á agaviðurlögum enda væri hún í beinum og stöðugum tengslum við menntasamfélagið og væri í bestu aðstöðu til að meta staðbundnar þarfir og skilyrði viðkomandi námsgreinar. Dómstóllinn taldi því að með brottvísuninni hefði ekki verið brotið gegn meðalhófsreglu enda hefðu kærendur fengið að halda áfram námi bréflega. Þá væri ljóst að tekið hefði verið tillit til trúarlegrar sannfæringar þeirra. Komst dómstóllinn því einróma að þeirri niðurstöðu að 9. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Um 2. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn taldi að engin sjálfstæð álitafni risu í tengslum við 2. gr. 1. viðauka.